

Ed. 197. Frumvarp til laga [111. mál]

um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Ed. 10. mars.)

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán allt að 3 000 m.kr. sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hyggst taka á árinu 1980. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi allt að 3 000 m.kr. í erlendri mynt og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta, verðbóta og annars kostnaðar. Lánstími og kjör öll á láninu skulu samþykkt af ríkisstjórn áður en frá lántöku er gengið.

Með sama hætti er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast lán er tekin kunna að verða til framlengingar láni skv. 1. mgr.

2. gr.

Verði heimild til greiðslu útflutningsbóta skv. 12. gr. laga nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., eigi fullnýtt, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til lækkunar láns skv. 1. gr. upphæð þá sem á vantar til þess að hámarki útflutningsbóta verði náð. Þó skal Byggðasjóður greiða á næstu 3—5 árum allt að helmingi lánsins. Að öðru leyti annast ríkissjóður afborganir, vexti og kostnað allan af láni þessu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.